

Fundargerð 290.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 18. september 2024 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Dysnes

a. Vegagerð á Dysnesi.

Rætt hefur verið við COWI á Akureyri um að hanna 285 metra langan veg frá Bakkavegi að lóð nr. A585. Reiknað er með að hafist verði handa við hönnun um leið og búið verður að undirrita samning um lóðina.

b. Kaup á landi.

Hafnasamlagið hefur samið um kaup á viðbótarlandi neðan Bakkavegar og að landi Gilsbakka. Um er að ræða 3.37 ha landspildu.

c. Heiti á gatna á Dysnesi.

Lagðar fram þrjár tillögur að nöfnum á götum á Dysnesi. Tillaga B varð fyrir valinu. Aðalgöturnar bera nöfnin Víkingabraut, Gilsbakkabraut og Kirkjubraut. Hinar Brúardys, Galmadys, Hörgárdys, Nunnudys, Bakkadys, Duggudys og Fjörudys.

d. Annað

Ef af líkum lætur mun umfang Dysnesverkefnisins margfaldast á næstu misserum og því mikilvægt að skoða alla fleti vel. Skipaður hefur verið vinnuhópur sem samanstendur af Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhanni Gunnari Kristjánssyni varaformanni, Presti Friðfinnssyni og Sverre Jakobssyni ásamt Péttri Ólafssyni Hafnarstjóra. Til vara er Andri Teitsson.

2. Breyting á varastjórn.

Hlynur Jóhannsson úr Miðflokki kemur inn í varastjórn HN í stað Margrétar Elísabetar Imsland Andrésdóttur.

3. Fjárhagsáætlun HN 2025, fyrri umræða

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2025. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.



4. Framkvæmdaáætlun HN 2025, fyrri umræða

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti framkvæmdaráætlun HN fyrir 2025. Fyrri umræðu lokið og henni vísað til síðari umræðu.

5. Skemmtiferðaskip til hafna HN 2024

Hafnarstjóri fór yfir komur skemmtiferðaskipa til hafna samlagsins í sumar.

6. Hafnasambandsþing 2024.

Hafnasambandsþing verður haldið í Hofi á Akureyri 24. og 25. október n.k. Allir stjórnarmenn HN verða fulltrúar samlagsins á þinginu.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 18.00